

# Stefnumótunardagur FÍ

## 11. september 2025

Stefnumótunardagur Félagsráðgjafafélags Íslands var haldinn 11. september 2025 á hótél Hilton Nordica og í fjar- tengingu þar sem öllu félagsfólki var boðið að taka þátt. Alls skráðu 115 þátt- töku, 103 á staðinn og 12 fjartengdir en alls tóku 80 þátt í deginum. Umræður voru í 11 hópum þar sem rætt var um áskoranir og tækifæri í faginu. Félagið leitaði til sérfræðinga hjá Kunnáttu ehf. við framkvæmd dagsins og þróðu þeir forrit til að skrá niðurstöður úr umræðum hópa jafnóðum en heildar- niðurstöður voru síðan teknar saman með aðstoð gervigreindar.

Félagsráðgjafafélag Íslands (FÍ) stendur á tímamótum þar sem mikil tækifæri eru til að efla stöðu félags- ins og stéttarinnar í heild. Niður- stöður stefnumótunardagsins voru notaðar í tillögu að aðgerðaáætlun út frá svörum félagsfólks sem er byggð á fimm meginspurningum um framtíð stéttarinnar. Þrjár megin- áherslur einkenna áætlunina: Endur- skoðun menntunarkerfis með áherslu á fjarnám, sérhæfingu og tengsl við starfsvettvang; Stafræn umbreyting í miðlun, þjónustu og starfi félagsins og; Efling faglegrar stöðu með áherslu á sýnileika, sérfræðipækkingu og áhrif á stefnumótun stjórnvalda.

Áætlunin skiptist í 36 sértækar aðgerðir sem eru flokkaðar í **tafar- lausar aðgerðir, skammtíma- og lang- tímaaðgerðir**. Stjórn félagsins hefur

rýnt niðurstöðurnar og er vinna þegar hafin við að hrinda mörgum þáttum í framkvæmd en ljóst er að ýmislegt þarf að skoða betur og forgangsraða í sam- ræmi við kjarnaverkefni félagsins.

### HELSTU NIÐURSTÖÐUR DRAGA FRAM NÚVERANDI STÖÐU OG FRAMTÍÐARSÝN

- Félagsráðgjöf sem fag hefur eflst í kjölfar samfélagslegra áskor- ana, sýnileiki hefur aukist og stéttin sannað gildi sitt
- Mikil þörf er á endurskoðun náms við HÍ, sérhæfingu og fjar- námsmöguleikum
- Launamunur eftir starfsvett- vangi er óásættanlegur og við- bótarmentun skilar sér ekki nægilega í kjörum
- Handleiðsla og fagþróun er ófull- nægjandi og þarfnast endurskoð- unar

Starf félagsins er í stöðugri þróun og var rætt um að bæta þyrfti heima- síðu og stafræna miðlun auk þess sem skorti á tengingu milli stjórnar og almennra félagsmanna. Fram kom að fagdeildaskipulag þarfnaðist endurskoðunar og eflingar. Félagsráð- gjafaping og tímarit félagsins fengu jákvæða umsögn en talið var að auka þyrfti framboð viðburða á vegum félagsins.

Forgangsmál næstu árin voru sett fram, þar sem kallað var eftir eflingu

menntunarkerfis með fjölbreyttari námsleiðum og fjarnámi. Stafræn umbreyting þyrfti að verða á starfi félagsins og þjónustu auk stuðnings við félagsfólk og faglegt samstarf. Þá var ákall um sérhæfingu og aukna málsvörn í samfélagsumræðu.

Tæknilegar hindranir liggja helst í ósamræmdu upplýsingakerfi sem veldur tvíverknaði og sóun. Skortur er á stefnumótun í tæknimálum og sið- ferðilegum ramma og þörf á endur- menntun í tækni og gervigreind. Auk þess er tækjabúnaður starfandi félagsráðgjafa ófullnægjandi.

Tækifæri í breyttu samfélagi felast í auknum sveigjanleika í námi og starfi með stafrænni tækni og aukinni sér- hæfingu til að mæta nýjum samfélags- áskorunum. Styrkja þarf tengslanet og þekkingarmiðlun auk þess sem mann- leg samskipti og tengsl verða æ mikil- vægari í tæknivæddu samfélagi.

Niðurstöður stefnumótunardags- ins gefa stjórn Félagsráðgjafafélags Íslands mikilvæg leiðarljós í starfi félagsins. Með markvissri framkvæmd aðgerðaáætlunar getur Félagsráð- gjafafélag Íslands tekið mikilvæg skref til að styrkja stöðu félagsráðgjafa í íslensku samfélagi, bæta innra starf félagsins og tryggja að félagsráð- gjafar verði áfram mikilvæg fagstétt í síbreytilegu samfélagi.